

**Aalborg Portland, fréttatilkynning 2. september 2009:**

## **Úrslitatilraun til að flæma Aalborg Portland frá Íslandi**

Eina ferðina enn sætir Aalborg Portland á Íslandi ásökunum frá forsvarsmönnum Sementsverksmiðjunnar á Akranesi. Nú eru uppi dylgjur um undirboð og óheiðarleika. Það er dapurlegt að Sementsverksmiðjan skuli grípa til slíkra óyndisúrræða á sama tíma og ríkisstjórn Íslands ræðir opinbera aðstoð við verksmiðjuna að kröfu Skagamanna og ráðherrann Jón Bjarnason og framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, Jón Steindór Valdimarsson, lýsa opinberlega að þeir vilji íslenska einokun á sementi. Áður höfðu formaður Verkalýðsfélags Akraness og bæjarstjórinn upp á Skaga krafist þess að stjórnvöld beiti handafla til þess að neyða Steypustöðina hf. úr viðskiptum við Aalborg Portland yfir í viðskipti við Sementsverksmiðjuna. Í grein í Morgunblaðinu 31.8. 2009 taldi Víglundur Þorsteinsson, í BM Vallá og meðeigandi í Sementsverksmiðjunni, sér sæma að setja útá viðskipti Steypustöðvarinnar hf. við Aalborg Portland á Íslandi. Forstjóri Steypustöðvarinnar, Hannes Sigurgeirsson, sá sig knúinn til þess að kveða sér hljóðs og kvað það “lítt aðlaðandi” að fara í viðskipti við Sementsverksmiðjuna í eigu helsta samkeppnisaðilans, BM Vallá.

Allt er þetta með ólíkindum og vegir samkeppni órannsakanlegir og býsna bugðóttir á Íslandi.

Það eru uppi ásakanir um undirboð. Þar rekst hvað á annars horn í bullinu, flest á röngunni og rest á haus. Í dæmalausri grein sinni í Morgunblaðinu segir Víglundur að Steypustöðin kaupir sement á hærri verði af Aalborg en Sementsverksmiðjan bjóði. Daginn eftir sætir Aalborg ásökunum um undirboð! Það er vandlifað í íslenskum samkeppnisheimi. Enn fremur: Fyrir skömmu fóru tveir af þremur stærstu viðskiptavinum Aalborg Portland á Íslandi, Loftorka og Steypustöðin Borg, úr viðskiptum vegna þess að Sementsverksmiðjan bauð betri verð, þ.e. undirbauð þrátt fyrir bullandi hallarekstur í góðærinu undanfarin ár og skuldasöfnun á útrásarslóðum, sbr lánabók Kaupþings.

Og nú skal Steypustöðin þvinguð með handafla í viðskipti upp á Akranes.

Sementsverksmiðjan birtir marklausa heimatilbúna töflu um samanburð á verðlagningu á sementi til Íslands annars vegar og hins vegar af lager í Danmörku. Það er sitthvað dreifing og smásala; samanber að hvert mannsbarn veit að fiskur er dýrari í fiskbúð en á fiskmarkaði, eða hverjum dettur í hug að stærsti sementskaupandi sætti sig við listaverð líkt og neytandi sem kaupir sement í poka. Ég leyfi mér þó að benda forráðamönnum Sementsverksmiðjunnar á að hefja útflutning á sementi hið fyrsta, úr því verð á erlendum mörkuðum eru jafnhá og haldið er fram í fréttatilkynningu um meint undirboð Aalborg Portland á Íslandi.

Kjarni málsins er þessi: Tilgangur alls þessa dæmalaus málatilbúnaðar er úrslitatilraun til þess að flæma Aalborg Portland frá íslenskum markaði. Öllu skal til tjaldað og í engu sparað

þrátt fyrir bágborinn efnahag Sementsverksmiðjunnar, skuldasöfnun og kostnað sem af hlýst. Skiptir þá engu þó að framleiðslukostnaður sé hærri en söluverð.

Almenningi er ætlað að fá reikninginn í hausinn og bera fórnarkostnaðinn sem fyrr, líkt og þegar ríkið seldi verksmiðjuna árið 2003. Hér skal minnt á úttekt *International Cement Review* um langhæsta sementsverð í Evrópu fyrir daga samkeppni og fullyrt að Ísland væri “extreme example of a small distant market with raw materials that are far from ideal.” Það skal fullyrt að Íslendingar vilja ekki aftur það ástand þegar Sementsverksmiðjan sat að einokun á allri sementssölu, íslenskri þjóð til stórfellds skaða. Það er staðfastur ásetningur Aalborg Portland Íslandi að halda áfram að stunda heilbrigð viðskipti hér eftir sem hingað til.

**Með vinsemd og virðingu:**

**Bjarni Óskar Halldórsson,**  
**framkvæmdastjóri Aalborg Portland á Íslandi.**  
**545 4800, 843 4395.**

**Samrit:**

Viðskiptaráð  
Samtök verslunar og þjónustu  
Samtök atvinnulífsins  
Samtök iðnaðar  
Ríkisstjórn og alþingismenn